



Stóru - Vogaskóli

Virðing - Vinátta - Velgengni

4. Flýting á lokum grunnskólanáms

4.1. Foreldrar/forsjáraðilar sækja skriflega um flýtingu á lok grunnskólagöngu barns til skólastjóra grunnskóla barns sem þarf þá að koma ekki síðar en 1. febrúar ári áður en nemandi á að útskrifast úr grunnskóla (þ.e. í 9. bekk en gæti einnig átt við fyrr, t.d. með nemanda í 8. bekk). Umsóknarform er á skrifstofu skólans.

4.2. Skólastjóri grunnskóla óskar skriflega eftir umsögn starfsfólks skólans.

Í umsögn starfsfólks skóla (umsjónarkennari eða annar aðili) þarf að koma fram:

1. Almenn umsögn um náms- og þroskastöðu nemanda.
2. Upplýsingar um félagslega stöðu innan nemendahópsins.
3. Styður starfsfólk skólans umsókn foreldra/forsjáraðila?

4.3. Umsögn starfsfólks skóla skal berast skólastjóra grunnskóla eigi síðar en mánuði frá því að beiðni barst frá skólastjóra. Umsögn er ráðgefandi.

4.4. Skólastjóri grunnskóla tekur ákvörðun um samþykki eða synjun umsóknar um flýtingu að fenginni umsögn starfsfólks skóla:

- i. Sé umsókn samþykkt tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og sendir afrit til Fræðslunefndar. Skilyrði fyrir slíkri samþykkt er að nemandi gangist undir þær námsmatsaðgerðir sem skóli stendur fyrir og tengjast útskrift nemenda á hverjum tíma. Nemandi skal uppfylla námslegar forsendur í hæfnismati í samræmi við matsviðmið aðalnámskrár grunnskóla (2013) fyrir hvert námssvið (nú námssvið að lykilhæfni meðtalinni). Standist nemandi ekki umrædd viðmið (t.d. ári fyrir hefðbundna útskrift) útskrifast hann ekki þá þrátt fyrir samþykki skólastjóra (en útskrifast þá í síðasta lagi eftir 10 ára skólagöngu). Umræddar upplýsingar skulu koma fram í samþykktarbréfi skólastjóra til foreldra/forsjáraðila.
- ii. Hyggist skólastjóri synja umsókn um flýtingu á grunnskólalokum skal hann tilkynna foreldrum/forsjáraðilum barnsins um fyrirhugaða synjun, ásamt rökstuðningi. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 (sbr. 32. og 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008).
- iii. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum/forsjáraðilum, skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og leiðbeina þeim um kæruheimild til fræðslunefndar.
- iv. Staðfesti fræðslunefnd ákvörðun skólastjóra skal leiðbeina foreldrum um kæruheimild til ráðherra mennta- og menningarmála skv. 47. grein laga nr 91/2008 um grunnskóla. Afturkalli fræðslunefnd ákvörðun skólastjóra fær erindi foreldra jákvæða afgreiðslu.

Stóru-Vogaskóla, Vogum, ágúst 2015

Tjarnargata 2 – 190 Vogar – sími 440-6250 – skoli@vogar.is – storuvogaskoli.is